

17. ágúst 2016

Námskeið á vegum BHM

Haustönn 2016

Árlega skipuleggur BHM margvísleg námskeið fyrir almenna félagsmenn aðildarféлага, kjörna fulltrúa þeirra, starfsfólk og trúnaðarmenn. Þessi þáttur í starfsemi bandalagsins á sér m.a. stoð í grein 1.1. í lögum þess og ákvæðum kjarasamninga eða bókunum við þá.

Á haustönn 2016 verða eftirfarandi 14 námskeið í boði. Flest þeirra eru opin öllum félagsmönnum BHM án endurgjalds og er einkum ætlað að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Hér er m.a. um að ræða námskeið um vinnurétt, samskipti á vinnustað og námskeið sem miða að því að efla persónulega færni þátttakenda. Eitt námskeið er sérstaklega ætlað trúnaðarmönnum og annað er eingöngu ætlað formönnum aðildarféлага. Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar sem, ef út í þær fer, verða kynntar á vef BHM.

Opnað hefur verið fyrir skráningu sem að venju fer fram á vef BHM (slóðin er: <http://www.bhm.is/um-bhm/fraedsla/dagskrafraedslu/>). Vinsamlegast athugið að fjöldi þátttakenda er yfirleitt takmarkaður – fyrst koma, fyrst fá. Til greina kemur að endurtaka einstök námskeið ef aðsókn er verulega umfram laus pláss. **Kennsla fer fram í húsnæði BHM að Borgartúni 6 í Reykjavík, 3. hæð.**

Nokkur af þessum námskeiðum verða einnig haldin á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ en dagsetningar liggja ekki fyrir enn sem komið er. Opnað verður fyrir skráningu á þessi námskeið síðar í mánuðinum.

12. september

Grunnnámskeið I fyrir trúnaðarmenn

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Marianna H. Helgadóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

Lýsing:

Námskeiðið er ætlað trúnaðarmönnum aðildarféлага BHM. Fjallað verður um:

- ✓ *Lagalega stöðu trúnaðarmanna*
- ✓ *Kosningu og vernd trúnaðarmanna*
- ✓ *Hlutverk trúnaðarmanna*
- ✓ *Réttindi og skyldur trúnaðarmanna*
- ✓ *Innihald ráðningarsamninga*
- ✓ *Hvar trúnaðarmenn finna upplýsingar*
- ✓ *Kjarasamninga og stofnanasamninga*
- ✓ *Tímabundnar ráðningar og auglýsingaskyldu*

Athugið að ráðgert er að halda framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn á vorönn 2017.



15. september

Undirbúningur starfsloka

Tími:

10:00–11:30

Umsjón/leiðbeinandi:

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka

Lýsing:

Fjármál flækjast til muna þegar taka lífeyris hefst. Á námskeiðinu verður farið yfir atriði sem mikilvægt er að hafa í huga þegar starfslok eru undirbúin, s.s.:

- ✓ *Hvernig eru greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar?*
- ✓ *Hvenær á ég að sækja um?*
- ✓ *Hvað ef mig langar að halda áfram að vinna eftir 67 ára aldur?*
- ✓ *Hvernig ættili ég að taka út séreignarsparnaðinn minn?*
- ✓ *Hvað þarf ég að vita varðandi skattkerfið?*
- ✓ *Hvaða áhrif hefur ávöxtun sparifjár?*

20. september (fyrrri hluti) og 27. september (seinni hluti)

Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi

Tími:

9:00–12:00

Umsjón/Leiðbeinandi:

Ragnhildur Vigfúsdóttir, markþjálfari hjá Zenter ehf.

Lýsing:

*Góð líðan leiðir til betri heilsu, meiri sköpunar, betri tengsla, langlífis og bættrar frammistöðu. Á námskeiðinu verða kynntar rannsóknir jákvæðrar sálfræði á því sem einkennir einstaklinga sem ná á farsælan hátt að þroskast og aðlagast ólíkum aðstæðum í lífi sínu. Fjallað verður um tíu leiðarvísa fyrir þá sem vill lifa heilshugar. Rætt verður um þakklæti, seiglu, von og velvild í eigin garð. Einnig um hvíld, leik og sköpun. Námskeiðið er ætlað þeim vilja vera jákvæðir og glaðir í lífi sínu og starfi og vilja fá hugmyndir um hvað þeir geta sjálfir gert til að auka hamingju sína og vellíðan. **Námskeiðið er í tveimur hlutum og verður seinni hluti þess haldinn þriðjudaginn 27. september, 9:00–12:00.***

21. september

Tengsl stjórnsýslu- og starfsmannaréttar

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM

Lýsing:

Farið verður yfir helstu meginreglur stjórnsýsluréttar sem huga þarf að þegar vinnuveitandi tekur stjórnvaldsákvæðanir er tengjast starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega verður vikið að meginreglum stjórnsýslu- og starfsmannaréttar sem hafa þarf í huga þegar ákvæðanir vinnuveitanda tengjast ráðningu, breytingu á starfi og verkssviði, áminningu og uppsögn.



28. september

Bókun 2 í kjarasamningum aðildarfélaga BHM

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Jakóbína H. Árnadóttir, mannauðsráðgjafi hjá Capacent

Lýsing:

Í svokallaðri bókun 2 við kjarasamninga 17 aðildarfélaga BHM og fjármálaráðherra frá 2014 var m.a. kveðið á um að fram færi skoðun á umhverfi stofnanasamninga. Í kjölfarið var ráðist í tilraunaverkefni með um 30 stofnunum þar sem unnið var á hverjum stað að framþróun valinna atriða í stofnanasamningum. Á námskeiðinu verður fjallað um hvernig staðið var að tilraunaverkefninu og farið yfir dæmi um útfærslur stofnana – hvað hefur gengið vel og hvað síður. Um almenna umfjöllun verður að ræða en leitast verður við að fjalla um bókunina frá sjónarhóli beggja samningsaðila.

4. október

Davíð og Golíat! Vinnsla persónuupplýsinga á vinnustöðum

Tími:

9:00–11:30

Umsjón/leiðbeinandi:

Vigdís Eva Líndal, lögfræðingur hjá Persónuvernd

Lýsing:

Í upplýsingatæknisamfélagi nútímans verður sífellt auðveldara að safna og vinna með persónuupplýsingar starfsmanna á vinnustöðum. Þá hafa vaknað upp ýmis álitæfni um samband vinnuveitanda og starfsmanns með tilkomu samskiptamiðla á borð við facebook, twitter o.fl. Í erindinu verður leitast við að gefa praktíska yfirsýn yfir þau atriði sem helst ber að huga að við vinnslu persónuupplýsinga á vinnustöðum, þ. á m. hvað má og hvað ber að varast, fræðsluskyldu vinnuveitanda, upplýsingarétt starfsmanns og fyrirhugaðar breytingar á persónuverndarlöggjöfinni, m.a. varðandi aukinn rétt hins skráða.

5., 13. og 20. október

Framkoma í fjölmiðlum – námskeið fyrir formenn aðildarfélaga BHM

Tími:

13:00–17:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Athygli ehf.

Lýsing:

*Fjallað verður um fjölmiðlaumhverfið hér á landi og almennt um samskipti við fjölmiðla. Þá verður farið í gegnum ýmis atriði sem gott er að hafa í huga í fjölmiðlaviðtölum. Loks fá þátttakendur verklega þjálfun í fjölmiðlaframkomu. **Námskeiðið er eingöngu ætlað formönnum aðildarfélaga BHM. Ráðgert er að halda námskeiðið alls þrisvar sinnum (5., 13. og 20. október) en hámarksfjöldi þátttakenda er átta í hvert sinn.***



6. október (fyrri hluti) og annaðhvort 10. eða 12. október (seinni hluti)

Framkoma og ræðumennska

Tími:

13:00–17:00

Umsjón/leiðbeinandi:

María Ellingsen, leikkona, leikstjóri og stjórnendapjálfari

Lýsing:

Á þessu námskeiði öðlast þátttakendur reynslu og færni í að miðla þekkingu, hugmyndum og sjónarmiðum sínum á áhrifamikinn, skemmtilegan og trúverðugan hátt. Námskeiðið er í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum eru kenndar leiðir til að styrkja líkamstjáninguna, auka útgeislun, beita rödd og skerpa á framsögn. Einnig er farið yfir uppbyggingu texta og þátttakendum kennt að setja sér markmið og byggja texta í kringum það. Í seinni hlutanum er kennd tækni sem nýta má við að flytja texta hvort sem er af glærum, punktum eða skrifað orði til orðs. Þátttakendur fá þjálfun í að miðla skilaboðum sínum á persónulegan, trúverðugan, kraftmikinn og skemmtilegan hátt sem hreyfir við áhorfendum og veitir þeim innblástur. **Fyrri hluti námskeiðsins fer fram 6. október en þá verður hópnun skipt í tvennt og mætir annar helmingurinn 10. október, 13:00–17:00, og hinn 12. október, 13:00–17:00.**

19. október

Sáttamiðlun á vinnustöðum

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Lilja Bjarnadóttir, sáttamiðlari og lögfræðingur, eigandi Sáttaleiðarinnar ehf.

Lýsing:

Markmið námskeiðsins er að kynna sáttamiðlun sem aðferð til að leysa ágreining og deilumál, hugmyndafræðina sem býr að baki þessari aðferð og hlutverki sáttamiðlara. Fjallað verður um kosti og galla þess að nýta sáttamiðlun til þess að leysa deilur á vinnumarkaði og vinnustöðum og hvernig þátttakendur geta tileinkað sér frekari færni til þess að miðla sáttum í málum sem þeir koma að.

27. október

Erfið samskipti / samtöl

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Jóhann G. Ásgrímsson, viðskiptafræðingur hjá Löggiltum endurskoðendum ehf.

Lýsing:

Námskeiðið byggir á bókinni *Erfið samskipti*, en einnig er fléttað inn í það öðru efni sem kennt er í vinnustofu í samningatækni við Harvard-háskóla. Markmiðið er að gefa þátttakendum tækifæri á að tileinka sér sérstaka samtalstækni í samskiptum til að ná sínum markmiðum. Á námskeiðinu er farið yfir algengustu mistökin sem flestir gera í erfiðum samtölum og hvernig má með einföldum hætti sneiða hjá þeim. Það felst ekki síst í því að kynna hvernig má forðast skaðlegar og óvinsamlegar skilaboðasendingar, en þess í stað tileinka sér uppbyggilega nálgun sem kölluð er lærdóms-samtalið.



8. nóvember

Að starfa í menningarlegum margbreytileika

Tími:

13:00–16:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Hallfríður Þórarinsdóttir, doktor í mannfræði hjá UniCom ehf.

Lýsing:

Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað hratt á Íslandi á mjög stuttum tíma og er hlutfall þeirra af íbúafjölda og á vinnumarkaði nú um 10%, líkt og í nágrannalöndunum. Þessar breytingar hafa að mestu orðið á 21. öldinni. Fram að því einkenndist íslenskt samfélag af menningarlegri einsleitni sem átti sér fáar hliðstæður í heiminum. Á námskeiðinu er rýnt í þær áskoranir sem fylgja menningarlegri margsleitni á vinnustöðum og hugtökin „menning“, „þjóðhverfa“, „menningarleg næmni“ og „umburðarlyndi“ m.a. mátuð við málaflokkinn. Rætt verður um hvað felst í banni við mismunun skv. væntanlegri löggjöf um jafna meðferð á vinnumarkaði. Áhersla verður lögð á virkni þátttakenda, málefnaleg skoðanaskipti og umræður.

15. nóvember

Margbreytileiki á vinnustöðum – auðlind eða ok?

Tími:

13:00–16:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Hallfríður Þórarinsdóttir, doktor í mannfræði hjá UniCom ehf.

Lýsing:

Íslenskur vinnumarkaður er m.a. sagður vera „vel skipulagður“ og „sveigjanlegur“. Atvinnuþátttaka kvenna er nú um 80%, með því hæsta sem gerist í heiminum. Á undanförunum árum hefur innflytjendum fjölgað verulega hér á landi og eru nú nálægt 10% allra starfandi. Vakning um stöðu minnihlutahópa og möguleika þeirra á íslenskum vinnumarkaði fer stöðugt vaxandi. Kona, innflytjandi, fatlaður – hvernig tengjast þessir „merkimiðar“ framgangsmöguleikum, mismunun og launajafnrétti? Hvað felst í banni við mismunun skv. væntanlegri löggjöf um jafna meðferð á vinnumarkaði? Á námskeiðinu er rýnt í þær áskoranir sem fylgja margbreytileika á vinnustöðum og hvernig best megir virkja þann auð sem í honum býr.

22. nóvember

Kynferðisleg áreitni á vinnustað

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, og Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur hjá Lífi og sál sálfræðistofu ehf.

Lýsing:

Í upphafi námskeiðsins verður fjallað um helstu lög og reglur sem gilda um kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Síðan verður fjallað um helstu birtingarmyndir slíkrar áreitni, ytri áhrifaþætti svo sem vinnuaðstæður, stjórnunarháetti og viðhorf í starfshópnum sem geta haft áhrif á hvort upp kemur kynferðisleg áreitni og hvernig við henni er brugðist. Greint verður frá hvaða áhrif kynferðisleg áreitni getur haft á þolandann. Loks verður fjallað um forvarnir og fagleg viðbrögð við kvörtunum um kynferðislega áreitni.



29. nóvember

Réttur starfsmanns til uppfinningar sem hann kemur fram með í starfi – meginreglur laga nr. 72/2004

Tími:

10:00–12:00

Umsjón/leiðbeinandi:

Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM

Lýsing:

Farið verður yfir meginreglur laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna. Áhersla verður lögð á réttindi starfsmanna á opinberum og almennum vinnumarkaði samkvæmt lögunum, m.a. rétt þeirra til uppfinninga og endurgjalds fyrir þær.